

Raufarhöfn og framtíðin



Íbúáping 26. – 27. janúar

Helstu skilaboð

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	4	5. Skólamál	7
1. Inngangur	2	6. Tómtunda- og æskulýðsmál.....	8
2. Forgangsröðun	3	6.1 Eldri borgarar.....	8
3. Atvinnumál.....	4	6.2 Grunnskólanemar	8
3.1 Byggðakvóti.....	4	7. Yngra fólk.....	9
3.2 Ferðamenn til Raufarhafnar.....	5	8. Húsnæðismál og aðstaða.....	10
3.3 Nýsköpun	5	8.1 Rafmagn og orka.....	10
3.4 Olíuþjónustustöð á Raufarhöfn.....	6	8.2 Heitt vatn.....	11
3.5 Æðardúnn.....	6	8.3 Internet.....	11
4. SR lóð.....	7	9. Starfslýsing starfsmanns	11
		10. Að lokum.....	12

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu,
verkefnisstjórn og heimamönnum á Raufarhöfn
sem aðstoðuðu við framkvæmdina
eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf
og kröftugt þing.*



Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, í samstarfi við starfsfólk Byggðastofnunar.

Þingið var haldið í Grunnskólanum á Raufarhöfn og veitti starfsfólk þar ómetanlega aðstoð.

Ljúffengar veitingar voru í höndum Kvenfélagsins Freyju á Raufarhöfn.

Tónlistaratriði við upphaf þings var frá Tónlistarskóla Húsavíkur.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Byggðastofnun.

Tilvitnanir eru fengnar úr lokaorðum þátttakenda við þingslit.

Í verkefnisstjórn sitja:

Aðalsteinn Þorsteinsson, Byggðastofnun.

Bergur Elías Ágústsson, Norðurþingi.

Reinhard Reynisson, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Sigríður Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa á Raufarhöfn.

Póroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri og Byggðastofnun.



SAMANTEKT

Ríflega þriðjungur íbúa Raufarhafnar, frá unglingum til eldri borgara, tók þátt í tveggja daga íbúáþingi helgina 26. – 27. janúar, ásamt fulltrúum úr sveitarstjórn og frá ýmsum stofnunum. Á þinginu voru til umræðu þau mál sem helst brenna á samfélaginu og leiðir til lausna. Þingið var liður í byggðapróunarverkefni á Raufarhöfn sem Byggðastofnun, Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Háskólinn á Akureyri standa að.

Áherslan var ekki síður á það sem íbúar geta gert sjálfir, en lausnir sem þurfa að koma utan frá. Þátttakendur stungu upp á umræðuefnum og var meðal annars rætt um atvinnumál almennt, ferðapjónustu, sjávarútveg, nýsköpun, æðardún, þjónustumiðstöð vegna olíuvinnslu, skólamál, íþrótt- og tómstundamál ungra og aldinna, húsnæðismál, málefni yngra fólks sem vill snúa aftur heim til Raufarhafnar, internet og orkumál.

Í lok þings forgangsríðuðu íbúar því sem þeir telja skipta mestu máli fyrir eflingu byggðar á Raufarhöfn. Byggðakvóti, eyrnamerkur Raufarhöfn, bæði í bolfiski og makríl, var þar efstur á blaði. Þar á eftir kom áhugi á verulegri sókn í ferðapjónustu og markaðssetningu, efling atvinnulífs almennt og draumur um að eignir sem áður tilheyrðu SR fái nýtt hlutverk og skapi sóknarfæri af fjölbreyttum toga. Fram komu áhyggjur af ástandi húsnæðis sem stendur autt og því að þrátt fyrir stöðuna er erfitt að fá íbúðarhúsnæði til leigu. Þá var varpað fram ýmsum skemmtilegum hugmyndum um menningarstarf, heimkomuhátíð og samstarf við nágretta í skóla- og æskulýðsmálum.

Byggðastofnun hyggst ráða starfsmann til að sinna þróunarverkefnum á Raufarhöfn til eins árs. Á þinginu var íbúum gefinn kostur á að ræða um, hver verkefni starfsmannsins ættu að vera, til að skerpa á markmiðum starfsins.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, lét ófærð ekki aftra sér og sat með heimamönnum í lok þings. Hann lýsti yfir vilja til að styðja þetta verkefni og hvatti fólk til dáða.

Nú verður unnið frekar úr skilaboðum þingsins og mun verkefnisstjórn síðan gera áætlun um næstu skref. Stefnt er að öðrum íbúafundi á Raufarhöfn í lok febrúar til að fylgja íbúáþinginu eftir.

Með þessu verkefni er verið að reyna nýjar leiðir í aðstoð við brothættar byggðir, þar sem þátttaka íbúanna sjálfra er í forgrunni. Byggðastofnun stefnir að því að nýta reynsluna af Raufarhafnarverkefninu á fleiri stöðum á landinu í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á viðkomandi svæðum.

Þegar boðið er til samráðs og þátttöku felur það í sér loforð um aðkomu að ákvörðunum. Þeir aðilar sem standa að verkefninu hafa lofað að nýta skilaboð þingsins til að skilgreina valkosti í þeim málum sem að þeim snúa, ásamt því að koma sjónarmiðum íbúa á Raufarhöfn á framfæri við ríkisvald, stofnanir og fyrirtæki sem haft geta áhrif á þróun byggðarlagsins. Unnið er samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og aðferðum og var umsjón með íbúáþinginu í höndum ILDIs, ráðgjafar og þjónustu, sem hefur sérhæft sig í þátttöku almennings.

Við upphaf þingsins ríkti óvissa þegar íbúar stóðu frammi fyrir því að móta dagskrána sjálfir og enginn vissi hvernig helgin myndi þróast. Andinn var þó léttur og þegar þingið var opnað með harmonikkuleik skellti danspar sér óvænt út á gólfíð. Í lok þings hafði kraftur þátttakenda og samfélagsins alls verið virkjaður, það var hlegið, klappað og hrópað ferfalt húrra fyrir Raufarhöfn.

1. INNGANGUR

Byggðastofnun, Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Háskólinn á Akureyri, ásamt íbúum á Raufarhöfn hafa ýtt úr vör verkefni um byggðaþróun á Raufarhöfn. Í kynningu um verkefnið á vef Byggðastofnunar segir:

Íbúapróun á Raufarhöfn hefur um langt árabil verið mjög neikvæð, og hafa ýmsar aðgerðir opinberra aðila og heimamanna ekki megnað að snúa þeirri þróun við. Byggðastofnun hefur fylgst grannt með þessari þróun, og telur áhugavert að skoða hvort hægt sé að nálgast umræðu um málefni Raufarhafnar á annan hátt en gert hefur verið hingað til, og ekki síst að leita leiða til að fá fram skoðanir og vilja íbúanna sjálfra hvað varðar áframhaldandi þróun byggðar á Raufarhöfn.

Reynt verði að greina hverjar séu skyldur ríkisins, sveitarfélagsins og annarra opinberra aðila við íbúa Raufarhafnar, og hvaða væntingar íbúarnir hafi til þessara aðila. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að undirbúningi slíkrar umræðu í samstarfi Byggðastofnunar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Háskólans á Akureyri, Norðurþings og íbúasamtaka á Raufarhöfn.

Í verkefninu er byggt á samfélaginu sjálfu, íbúunum og þeirra vilja, krafti og frumkvæði. Hugtakið **valdefling** (empowerment) er leiðarljós í allri vinnu með íbúum, hvort heldur er fyrirkomulag funda eða ferlið í heild sinni.

„Stöndum þétt saman um góða hluti.“

Leitað var til ILDI's varðandi umsjón með þátttöku íbúa, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Á árinu 2012 voru haldnir tveir íbúafundir í tengslum við verkefnið.

- Fundur í október, með fólki sem tengist tilteknum málefnum.
- Almennur íbúafundur 10. desember þar sem farið var yfir stöðu þeirra mála sem komið höfðu til umræðu á fyrri fundi. Einnig var kynnt fyrirkomulag við íbúaðing í janúar.

Dagana 26. – 27. janúar var svo haldið íbúaðing og fjallar þessi samantekt um skilaboð þátttakenda á því. Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa. Hvatt var til þess að stinga upp á því sem fólk hefur ástríðu fyrir og sem brennur á viðkomandi og því sem fólk er jafnframt tilbúið að taka ábyrgð á sjálft.


Á þingið mættu yfir 40 manns, eða um þriðjungur íbúanna. Þátttakendur voru á öllum aldri, allt frá unglíngum til íbúa á níraðisaldri. Umræður voru líflegar og í lok þingsins ríkti einhugur og bjartsýni.

Uppistaðan í köflunum hér á eftir er komin beint frá umræðuhópunum sem skráðu niðurstöður sínar í Word skjal í lok umræðna. Það má því segja að þessi samantekt hafi orðið til jafnóðum á þinginu.

¹ <http://www.openspaceworld.org/>

2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þings var málefnum forgangsraðað út frá mikilvægi fyrir Raufarhöfn og framtíðina. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að raða á málefni að eigin vali. Fjallað er nánar um hvert og eitt málefni í köflunum hér á eftir.



3. ATVINNUMÁL

Nær allir þátttakendur á þinginu tóku þátt í hópi sem ræddi um atvinnumál almennt.

Sagt var frá stöðu og fyrirætlunum hjá GPG fiskverkun. Verið er að fjölga starfsfólki og endurbæta húsnæði að utan, sem er mjög jákvætt og tímabært.

Staða hafnarvarðar (enginn hafnarvörður á staðnum) var rædd, þar sem ekki var vitað til þess að hún hafi verið auglýst.

Opinber störf sem flytja mætti á staðinn, eða endurvekja að mati þátttakenda:

- Prestur
- Læknir
- Löggæsla (einnig mikilvægt að halda í lögreglustöðina)
- Vegagerð

Ferðamál voru rædd, sagt frá stöðu Heimskautsgerðisins og framtíð þess og rætt um mögulega atvinnuuppbyggingu sem gæti tengst því.

Fram kom hugmynd um að stofna byggðarráð.

„Þarf aukinn kvóta.“

3.1 BYGGÐAKVÓTI

Þrjú þátttakendur ræddu um byggðakvóta og voru helstu niðurstöður þessar:

Markmiðin:

- Sækja um 500 tonna bolfiskkvóta
- Sækja um 3 – 5.000 tonna makrílkvóta

Kostir:

- Eflir byggðarlagið
- Raunhæf markmið

Niðurstaða þingsins var sú að byggðakvóti fyrir Raufarhöfn er stærsta einstaka skrefið sem getur eflt byggðina.



3.2 FERÐAMENN TIL RAUFARHAFNAR

Líflegar umræður urðu um tækifæri í ferðapjónustu, í tíu manna hópi.

Helstu niðurstöður voru þessar:

Markaðssetning mikilvæg; hafa samband við fagfólk

Markaðssetning á heimskautsbaug

Hvað á að bjóða uppá?

- Heimskautsgerðið
- Vötnin
- Fuglalíf
- Norðurljósinn
- Hraunið
- Fiskurinn; e-ð nýtt fyrir túrista
- Stuttar ferðir
- Bátsferðir (66°N, veiða, vinna fisk)
- Hestaleiga – náttúra
- Fjórhjólaleiga
- Rútur allan hringinn (alla sléttuna)
- Stoppistöð fyrir skemmtiferðaskip
- Upplýsingaskilti

„Von um framhald og að verkefnið sofni ekki.“

3.3 NÝSKÖPUN

Tólf þátttakendur voru í þessum hópi. Slegið var saman tveimur umræðuefnum, nýsköpun annars vegar og möguleikum tengdum flugvelli hins vegar.

Ýmsar hugmyndir voru ræddar, þessar helst:

- Ljósleiðari
- Matvælaværksmiðja / matur fyrir sykursjúka, ofnæmissjúka
- Flugvöllurinn; nýta hann (leita til ríkis með fjármögnun)
 - Kennsluflug (tveggja brauta völlum)
 - Drekasvæðið
 - Sjúkraflug
 - Lendingaraðstaða fyrir þyrlur (Landhelgisgæslan)
- Neyðavörður fyrir 112
 - Lögreglustaða
 - Vaktstöð siglinga

Einnig ræddi hópurinn eftirfarandi:

- Tenging við ferðamálahóp: Boða til fundar varðandi nýja starfsemi fyrir ferðamenn. Er vilji fyrir því að setja á stofn ný fyrirtæki tengd ferðamannaíðnaðinum?
- Skattamál; er hægt að búa til skattaafslátt fyrir nýsköpun á Raufarhöfn?
- DREKASVÆÐIÐ: Láta gera úttekt á Raufarhafnarsvæðinu vegna Drekasvæðisins.

3.4 OLÍUÞJÓNUSTUSTÖÐ Á RAUFARHÖFN

Í umræðu sjö þátttakenda um olíuþjónustustöð, bar þetta helst á góma:

Landfræðilega er Raufarhöfn mjög góð staðsetning.

Pokkalega rúmt og ónotað hafnarsvæði er til staðar.

Hvað þarf að vera til staðar?

- Gistiaðstaða
- Veitingastaðir
- Verslun
- Góð lækniþjónusta
- Flugvöllur og aðstaða fyrir þyrlupall
- Þjónusta fyrir vélbúnað og tæki þ.e. borþúpur
- Birgðastaða fyrir gas/olíu

Hvað þarf til?

1. Að fá verkgreiningu fagaðila hvað þarf að vera til staðar svo Raufarhöfn uppfylli skilyrði sem þjónustusvæði.
2. Fyrirhugaður starfsmaður Bygðastofnunar kæmi að því verkefni.

„Góðar hugmyndir sem á að styðja.“

3.5 ÆÐARDÚNN

Rætt var um möguleika á fullvinnslu æðardúns í einum 5 manna hópi og horft til SR verksmiðjunnar varðandi staðsetningu.

- Vinnsla í einum af húsum verksmiðjunnar
- Hreinsun, saumaskapur og markaðssetning
- Kostir:
 - Lítill flutningskostnaður
 - Rándýr vara
 - Ungt fólk kemur, bara til að vinna við markaðssetningu
- Starfsfólk – 3-4 ársverk
- Markaðssérstaða
- Athuga samstarf við þekkt fatamerki t.d. 66°N eða Cintamani
- Greining á vinnslu
 - Tækjakostur við vinnslu
 - Rafmagnsnotkun



4. SR LÓÐ

Talsverð umræða hefur verið um möguleika tengda húsum og lóðum sem áður tilheyrðu SR og er starfandi nefnd um það mál, skipuð fulltrúum Norðurþings og íbúa. Þetta var til umræðu í sex manna hópi á þinginu.

Einn þátttakenda lýsti því yfir að hann vill að Norðurþing gangi til samninga við sig um sölu á eignum á verksmiðjulóð. Hann myndi þá stefna að uppbyggingu á húsum sem eru nothæf og að rífa annað í samráði við íbúa Raufarhafnar og Atvinnuþróunarfélagið.

Flestir þátttakendur voru hins vegar sammála um að engin húsanna verði rifin og að þau verði gerð upp. Ekkert húsnæði á Raufarhöfn er til staðar ef einhver starfsemi kæmi, til dæmis við olíusvæðið. Þá gætu húsin nýst sem þjónustuhús við skemmtiferðaskip sem kæmu til Raufarhafnar.

Fram komu hugmyndir um að nýta tankana, t.d. sem safn eða salerni, sem yrðu stærstu salerni í heimi. Þá var varpað fram þeim möguleika að koma á samkeppni um að teikna upp skipulag af verksmiðjuhúsunum. Fram kom hjá fulltrúa í sveitarstjórn Norðurþings að sveitarfélagið ætli sér að reyna að selja hluta eða alla lóðina.

„Hef trú á aðferðafræðinni.“

5. SKÓLAMÁL

Mikil umræða varð um skólamál í tíu manna hópi, enda Raufarhafnarbúar uggandi vegna fækkunar barna á skólaaldri.

Fram kom ánægja með að verið er að efla tengsl á milli skóla á svæðinu og vilji til að halda áfram á þeirri braut. Til dæmis að:

- Athuga með sameiginlegan fund með foreldrum á svæðinu um skólamál og efla samvinnu milli nemenda á svæðinu (íþrótta- og félagsefning).
- Skiptast á með að hafa félagsmiðstöð með Kópaskeri.

Þá komu fram óskir um að hafa fyrsta árið í framhaldsnámi á Raufarhöfn í fjarnámi.



6. TÓMSTUNDA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Fimm þátttakendur á breiðum aldri ræddu um tómsunda- og æskulýðsmál ungra og aldinna.

6.1 ELDRI BORGARAR

Það sem er gert:

Nokkrar konur hittast daglega (virka daga) í íþróttahúsinu og ganga, fara í tækjasal, boccia og synða. Það er boðið upp á sundleikfimi á fimmtudögum kl. 13:00 í sundlauginni undir leiðsögn.

Það sem má bæta:

Þetta þarf að auglýsa betur og fá fleiri þátttakendur.

Þjónusta iðupjálfa við eldri borgara var skorin niður fyrir nokkru og væri æskilegt að fá hana aftur. Þá var einnig samvinna við Grunnskólann, nemendur heimsóttu eldri borgara og áttu með þeim skemmtilega stund. Þetta væri gaman að endurvekja.

Spurning hvort væri sniðugt að hafa sameiginlegan tíma eldri borgara og barna 1x í mánuði í íþróttahúsi.

Væri áhugi fyrir danskennslu?

Spurning um félag eldri borgara, t.d. leikhúsferðir og þess háttar.

Á Raufarhöfn er ekkert skipulagt félagsstarf fyrir eldri borgara á vegum opinberra aðila (Heilbrigðisstofnun Þing., Hvammur, Norðurþing) ekki fönður/handavinna eða þess háttar. Þyrfti að ná karlmönnum inn í félagsstarf.

6.2 GRUNNSKÓLANEMAR

Það sem er gert:

Öll aðstaða er góð, félagsmiðstöð er starfrækt 1x í viku fyrir eldri nemendur grunnskólans. Þó hefur ekki fengist starfsmaður í hana og sinna foreldrar því starfi.

Tónlistarnám er í boði.

Íþróttæfingar eru í boði á vegum UMF Austra þegar einhver fæst til að þjálfa. Í dag er enginn fótboltaþjálfari og frjálsíþróttþjálfari hefur komið öðru hverju frá Húsavík og hefur grunnskólanemum úr nágrenninu verið boðið að taka þátt í þeim æfingum.

Það sem má bæta:

Vantar íþróttþjálfara og fleiri æfingar – kannski aðeins meiri fjölbreytni.

Vantar starfsmann í félagsmiðstöð.

Það væri hægt að hafa skipulagt starf fyrir ungmenni í hestamennsku - t.d. sem valgrein í grunnskóla.



7. YNGRA FÓLK

Fulltrúar ungu kynslóðarinnar á þinginu stóðu fyrir umræðu um möguleika fyrir yngra fólk sem hefur hug á að flytja aftur heim. Í hópnum voru sjö manns.

Menntastörf sem henta staðnum:

- Sagnaritari fyrir staðinn
- Markaðssetning fyrir staðinn
- Markaðssetning fyrir fyrirtæki á staðnum
- Ferðamálastörf
- Sjávarútvegsfræði- og tengd störf
- Kennarar
- Leikskólakennarar
- Iðnmenntun?

Opinber störf:

Gríðarlega mörg störf á vegum hins opinbera eru unnin í gegnum síma og internet. Þau störf er hægt að vinna hvar sem er á landinu en eru flest öll staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Nóg er af skrifstofuhúsnæði á Raufarhöfn og öll grunnþjónusta. Þess vegna er ekkert sem segir að þau störf megi ekki vera staðsett hér, sem myndi kalla á menntafólk á staðinn.

Hvernig er hægt að koma því í kring?

Menningin:

Lykillinn að því að fá ungt fólk heim er að passa að menningarhlutinn sé í lagi. Að það séu reglulegar samkomur og félagsstarf.

Regluleg spilakvöld og þematengd- matarkvöld eru hugmyndir sem voru nefndar.

Einnig mikilvægt að halda því við sem fyrir er, eins og til dæmis hrútaðegi og menningarviku.

„Raufarhöfn í tísku!”



8. HÚSNÆÐISMÁL OG AÐSTAÐA

Mikil umræða varð í hópi sem fjallaði um húsnæðismál. Sjö manns tóku þátt en fleiri bættust svo við eftir því sem á leið.

Mest var rætt um húsnæði sem stendur autt og leiðir til að koma því í not og/eða forða frá skemmdum.

Því var vísað til nýs starfsmanns sem Byggðastofnun hyggst ráða, að fara yfir allar eignir sem eru tómar, hafa samband við alla eigendur og kanna ástand eigna. Margar fasteignir sem eru í eigu einstaklinga eru hvorki til leigu eða kaups.

Þátttakandi sagði að Íbúðalánasjóður veiti ekki fjármagn í fasteignir sínar á Raufarhöfn. Íbúðalánasjóður á kjallaraíbúð og á efri hæð þess húss er lokað fyrir rafmagn og hita. Spurning er, er þetta löglegt?

Rætt var um hús sem skráð eru frístundahús, hvort þau séu í notkun og hvort eigendur séu að nýta sér þjónustu og annað í þorpinu.

Nefndur var sá möguleiki að fara Ísafjarðar- / Siglufjarðarleiðina, gefa húsinn með því skilyrði að þau yrðu gerð upp innan tveggja til þriggja ára.

Varðandi einstök hús var það nefnt að Löndunarhús er tilvalið til plastbátaviðgerðar og allir þátttakendur voru sammála um að Breiðblik verði ekki rifið.

„Helgin þjappaði bæjarbúum saman.“

8.1 RAFMAGN OG ORKA

Átta þátttakendur ræddu um orkumál.

Þetta umræðuefni kom til vegna þess að raforka er notuð til að hita hús á Raufarhöfn og er mjög hár hitunarkostnaður hjá íbúum Raufarhafnar. Nokkur skörun er milli þessa efnis og húsnæðismála sem fjallað er um í kaflanum hér á undan.

Rafmagn:

- Niðurgreiðsla hins opinbera vegna orkukostnaðar nýrra fyrirtækja / iðnaðar á Raufarhöfn.
- Það er hagur sveitarfélagsins að bjarga húsum frekar en að þau liggi undir skemmdum; það er mjög dýrt að rífa hús.

Eyðilegging á yfirgefnu húsnæði:

- Þarf að hafa vatn og rafmagn í lagi í tómum húsum.
- E-r reglugerð þarf að koma til eða það þarf að veita leyfi til að bjarga húsum frá skemmdum.
- Nú þegar eru mörg hús orðin ónýt á Raufarhöfn og er mikilvægt að bæjarmyndin verði ekki fyrir meiri skaða.

Þá var rætt um raforku til endursölu og vindmyllur.



8.2 HEITT VATN

Fimm manns ræddu um heitt vatn með það að leiðarljósi að halda umræðunni um mögulega hitaveitu á Raufarhöfn vakandi.

Borað var síðast eftir heitu vatni 1996, að því er þátttakendur minnti. Fram kom að tækninni hafi fleygt fram síðustu ár og vel þess virði að athuga hvort heitt vatn sé á svæðinu. Kostnaður vegna hitunar á húsnæði á svokölluðum köldum svæðum er orðinn stór partur af tekjum fólks og er gríðarlegur rekstrarkostnaður fyrir fyrirtæki og því ekki aðlaðandi kostur fyrir þau að koma með starfsemi á staði eins og Raufarhöfn.

Möguleikar og kostir sem heitt vatn myndi mundi gefa eru margir bæði fyrir fyrirtæki og íbúa. Verðugt verkefni fyrir væntanlegan starfsmann Byggðastofnunar.

8.3 INTERNET

Í þessum hópi ræddu sex manns um mikilvægi góðra nettenginga.

Það sem er að:

- Kraftlaust net?
- **Vantar 3G**
- Vantar ljósleiðara

Ljósleiðari er grunnur fyrir tengingu, ekki bara fyrir internet heldur líka fyrir sjónvarpið, upplýsingu og afþreyingu almennt. Krefjast þarf þess að 3G tenging verði sett upp. Bæta aðgang aðila á staðnum til frekari menntunar.

Mætti tölvuvæða kennslu?

9. STARFSLÝSING STARFSMANNS

Forstjóri Byggðastofnunar stakk upp á þessu umræðuefni til að kalla eftir hugmyndum og væntingum heimamanna gagnvart því starfi sem stofnunin hyggst standa að. Nær allir þátttakendur á þinginu voru með í þessum hópi.

Þessi verkefni rötuðu á blað:

- Húsnæðismál
 - Taka saman lista og skilgreina stöðu
- Halda úti heimasíðu
- Aðstoð við að greina afþreyingarmöguleika
 - Virkja íbúa
- Greina möguleika á nýsköpun og atvinnuuppbyggingu
- Sérstöðugreining
- Efla samstarf á svæðinu
 - Tenging í atvinnulíf
- Styrkja samband á milli íbúa og brottfluttra
 - Heimasíðan
 - Heimkomuhátíð
- Menningarstarf
- Myndun byggðaráðs
- Greining á orku-, hita- og rafmagnsmálum

„Látum verkin tala!“

10. AÐ LOKUM

Í lok íbúapingsins ávarpaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, þátttakendur. Hann fagnaði þeirri bjartsýni og stemningu sem ríkti á þinginu og lýsti ánægju sinni með þá nálgun í þessu verkefni að leggja áherslu á aðkomu íbúa.

Byggðastofnun leiðir verkefnið í samstarfi við Norðurþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Háskólann á Akureyri og skipa fulltrúar þessara aðila verkefnisstjórn, auk þess sem þar situr fulltrúi íbúa Raufarhafnar.

Þegar boðið er til þátttöku felst alltaf í því loforð um að nýta það sem út úr samráðinu kemur, í tengslum við ákvarðanir.

Í bréfi sem sent var út til íbúa til að kynna íbúapingið sagði m.a.:

Verkefnisstjórnin hyggst vinna með íbúum Raufarhafnar og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar, í málum sem snúa að Byggðastofnun, Norðurþingi, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Háskólanum á Akureyri. Við ákvarðanir þessara aðila verður upplýst hvernig skilaboð íbúapingsins voru höfð til hliðsjónar. Verkefnisstjórnin mun einnig koma niðurstöðum íbúapingsins á framfæri við ríkisstjórn ásamt stofnunum og fyrirtækjum sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar á Raufarhöfn.

Byggðastofnun og Norðurþing munu í sameiningu bera kostnað vegna starfsmanns og aðstöðu í eitt ár. Fjármagn í önnur verkefni liggur ekki fyrir, en samstaða íbúa um verkefni eykur möguleika á fjármögnun.

Verkefnisstjórn mun nú vinna frekar úr skilaboðum þingsins í samræmi við þetta loforð og er stefnt að öðrum íbúafundi á Raufarhöfn fyrir lok febrúar.

Þá er stefnt að því að nýta reynsluna frá Raufarhöfn til að vinna með fleiri byggðarlögum í vanda.

Hjóli tímans er ekki hægt að snúa til baka og því er stóra spurningin sú, hvert viðfangsefnið sé. Það er væntanlega ekki það að margfalda íbúafjöldann á Raufarhöfn, enda vart raunhæft. Það kann að snúast um hvernig bærinn getur fundið nýtt jafnvægi miðað við 100+ íbúa markið.

Kannski tekst það og kannski ekki. Sú leið að vinna með íbúum eykur líkurnar á að mögulegar lausnir verði í samræmi við takt og vilja samfélagsins sjálfs.

